

Ed. 661. Frumvarp til laga [368. mál]

um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

1. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:
Lög þessi gilda til 31. des. 1988.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 91/1982, um málefni aldraðra, eiga þau að falla úr gildi um n.k. áramót. Ljóst er að meginatriði laganna verða að gilda til frambúðar eða verða hluti af öðrum lögum. Má þar nefna skipun öldrunarmála, fyrirkomulag dvalarstofnana, ákvæði um heimaþjónustu og Framkvæmdasjóð aldraðra. Ráðuneytið hyggst fela nýskipaðri samstarfsnefnd um málefni aldraðra skv. 3. gr. laganna að gera tillögur um framtíðarfyrirkomulag þessara mála. Slíkar tillögur munu ekki liggja fyrir fyrir en á næsta ári og er því nauðsynlegt að framlengja gildandi lög um eitt ár eigi ekki að stefna málinu í óvissu.